# Farsæld barna og hlutverk tengiliðar



# Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

- Tóku gildi 1. janúar 2022
- Innleiðingarferli í gangi
- Markmið og tilgangur laganna:
    - Að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.
    - Að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa.
    - Að grípa snemma inn í svo hægt sé að koma í veg fyrir ýmiss konar erfiðleika síðar meir.

Myndband til frekari útskýringar:

https://www.farsaeldbarna.is/is/farsaeldarlogin

# Stigskipting þjónustu

https://www.farsaeldbarna.is/is/stigskipting-thjonustu

1. **stig - t.d. Leik- og grunnskóli og tengiliður**
- Grunnþjónusta
  - Nær yfir allan hópinn, felst t.d. Í fræðslu og forvarnastarfi.
- Fyrsta stigs þjónusta
  - Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur þar sem markmiðið er að styðja við farsæld barns.
  - Stuðningur við börn sem glíma við vægan vanda og stuðningsaðgerðir sem koma í veg fyrir að vandinn aukist og vaxi.
  - Dæmi: þjónustuteymi í skóla.

2. **stig - Félagsþjónustan og málstjóri**
- Einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur en á fyrsta stigi.
- Þegar úrræði fyrsta stigs duga ekki til eða hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

3. **stig - Barnavernd og málstjóri**
- Sérhæfðari stuðningur
- Börn með fjölþættan vanda

Markmið:

- Að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2 og 3. stigi.

# Tengiliður

- https://www.farsaeldbarna.is/is/tengilidur
- Starfsmaður í nærumhverfi barns sem hefur yfirsýn yfir þjónustukerfi sem í boði eru.
- Hlutverk:
    - Að veita upplýsingar í þágu farsældar barns.
    - Að ráðleggja foreldrum og börnum, aðstoða við að rata í gegnum kerfið og sækja þjónustu við hæfi.
    - Að meta þjónustuþörf, skipuleggja og fylgja eftir þjónustu á fyrsta stigi.
    - Að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
    - Að meta þörf á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.
    - Að koma á samþættingu á fyrsta stigi og taka þátt í störfum þjónustuteyma eftir því sem við á.
    - Að taka þátt í starfi stuðningsteyma (2. stigs samþættingu) eftir því sem við á.



# Tengiliðir í Þingeyjarskóla

- Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir - grunnskóladeild (helga@thingskoli.is)
- Helga Björg Pálmadóttir - grunnskóladeild (helgabjorg@thingskoli.is)
- Nanna Marteinsdóttir -leikskóladeildir (nanna@thingeyjarskoli.is )

Ferli

1. Forsjáraðili/kennari/þjónustuveitandi óskar eftir fundi með tengilið til að ræða málefni barns (getur líka átt við barnið sjálft).
2. Á fundinum er farið yfir málefni barnsins

- Farið yfir fyrsta stigs úrræði sem í boði eru (t.d. Þjónustuteymi með eða án samþættingar).
- Metin þörf fyrir samþættingu (á fyrsta stigi eða öðru stigi)
  - Ef já - fyllt út beiðni um samþættingu og tengiliður hefur samband við þá þjónustuaðila sem tengjast málefnum barnsins (1. stig) eða sendir beiðni til félagsþjónustu (2. stig).
  - Ef nei - nýtt eru úrræði fyrsta stigs án samþættingar. Staðan endurmetin eftir ákveðinn tíma.

# Samþættingarmál

1. **stigs samþætting**

- Þjónustuteymi með þjónustuveitendum í og utan skóla.
- Tengiliður skipuleggur og fylgir eftir samþættingu.
- Dæmi um aðila í samþættu þjónustuteymi: Tengiliður (ef við á), umsjónarkennari, aðili úr stoðteymi/stoðþjónustu skóla, stuðningsfulltrúi (ef við á), foreldrar og aðrir þjónustuveitendur sem vinna með barninu (t.d. aðili úr skólaþjónustu Þingeyjarsveitar, skjólahjúkrunarfræðingur)

2. **stigs samþætting**

- Tengiliður sendir beiðni til félagsþjónustu.
- Málstjóri frá félagsþjónustu heldur utan um.
- Stuðningsteymi
    - Aðilar stuðningsteymis: Málstjóri tekur ákvörðun og boðar. Yfirleitt umsjónarkennari, aðili úr stoðteymi/stoðþjónustu skóla, foreldrar auk annarra þjónustuveitenda sem vinna með barninu.
- Stuðningsáætlun
- Markmið: að með tímanum verði málið að 1. stigs máli.

# Kynning fyrir nemendur

Samkvæmt lögum eiga nemendur að hafa greiðan aðgang að tengilið.

Tengiliður fer inn í námshópa og kynnir hlutverk sitt og helstu úrræði sem standa nemendum til boða.

Ferli:

- Nemandi ræðir við umsjónarkennara - umsjónarkennari metur þörf á aðkomu tengiliðs og aðstoðar nemandann að óska eftir fundi við tengilið ef þörf er á.
- Nemandi sjálfur óskar eftir fundi við tengilið.

  Á fundinum fer tengiliður yfir fyrsta stigs úrræði og metur hvort þörf er á samþættingu og/eða að hafa samband við foreldra (með leyfi nemanda)

# Frekari upplýsingar

- farsaeldbarna.is
- bofs.is